

## ferðalög



Minnismerki Heljarhliðs í Ouidah stendur þar sem bandingjar snertu afríska jörð í síðasta sinn áður en þeim var troðið í skip sem sigldu með þá í þrældóm í Nýja heiminum. Minnismerkið er skreytt myndum sem sýna þoltraun þrælanna.



Alltaf í boltanum Fótballi nýtur vinsælda í Vestur-Afríku. Þessir krakkar gerðu hlé á sparkinu svo þeir gætu sinnt öðrum uppáhaldsleik - að stilla sér upp fyrir myndatöku. Mun- aðarleysingjahlið *Peuple du Monde* er í bakgrunni.



Feneýjar Bærinn Ganvié í nágrenni Cotonou er stundum nefndur Feneýjar Vestur-Afríku því húsin eru öll á stöplum við Nakouévatu. Maður getur siglt um bæinn á píroque (eintrjángi) og farið fram hjá fjölda vatnalilja á leiðinni.

# Vúdúkóngurinn sem vildi verða pennavinur

Í þessum næstsíðasta hluta frásagnar **Elizu Reid** af tveggja mánaða ferðalagi um Vestur-Afríku segir frá dvöl hennar í Tógó og Benín – og óvæntum kynnum af hinum nýja vúdúleiðtoga heimamanna.

**K**lukkan eitt um nótt, eða um 18 tímum á eftir áætlun, renndi rútan frá Ouagadougou í Búrkína Faso í hlað á umferðarmiðstöðinni í Lomé, höfuðborg Tógó. Við farþegarnir vorum heilir á húfi þrátt fyrir þref við málaliða á leiðinni og hrikalega krappar beygjur víða á veginum svo ekki sé minnst á vansvefta bílstjóra sem var hvíldinni afar feginn á áfangastað.

Ég gekk út úr rútnu, slæpt og þreytt, og í sama vetfangi þyrptust leigubílstjórnarnir um mig; þeir voru ekki lengi að koma auga á eina Vesturlandabúann í hópnum. Ég samdi um fargjald við mjósleginn náunga sem bauð af sér góðan þokka og fylgdi honum að bílnum hans. Sá reyndist alveg ómerktur. Annar maður, „vinur“ bílstjórans, smeygði sér svo líka inn með okkur – „til öryggis“, var mér sagt. Ég sýndi þeim spjald af hóteli sem ég ætlaði að gista á. Þeir sögðu mér að þangað væri um fimmtán kílómetra leið, út fyrir bæinn.

Viðvörunarbjöllur tóku nú að klingja í kollinum á mér. Þótt þessir kumpánar væru enn vinalegir að sjá var ég í þann mund að brjóta allar öryggisreglur sem ég hafði sett mér. En ég var þreytt og í fljótu bragði sá ég ekki hvaða kosta annarra ég átti vól þarna um miðja nóttina.

Ég greip því til minnar sérstöku „varaáætlunar fyrir viðsjárverðar aðstæður“: að tala og tala. Ég spurði félagana um fjölskylduhagi þeirra og skáldaði á staðnum sögu af því að ég þekkti hóteltjórann og vildi komast sem fyrst á leiðarenda því hann hefði ætlað að biða mín og væri örugglega orðinn áhyggjufullur fyrst rútan hefði verið svona sein fyrir.

Rétt utan borgarmarkanna bar það til að lögregluþjónn skipaði bílstjóranum að nema staðar. Ég var beðin að sýna vegabréfið mitt og ég notaði tækifærið til að fullvissa mig um að við værum á rétttri leið að hóteli mínu. Lögregluþjónninn var afar blíður í viðmóti og staðfesti að það væri aðeins nokkra kílómetra í burtu. Mér létti mjög og hafði ekki eins mik-



Gleðskapur Dansarar við krýningu hins nýja æðstaprests vúdúsidarins máluðu sig gula og hreyfðu sig í takt við trommurnar.

inn vara á mér. Laust fyrir klukkan tvö komum við svo að Hotel Alizé. En ekki var sopið kálið þótt í ausuna væri komið; bílstjórinn minn lenti strax í miklu stappi við næturvörðinn. Þeir þrefuðu á fon, einu tungumála heima-manna, og að því kom að bílstjórinn þýddi fyrir mig á frönsku í hverju vandinn lægi: „Vörðurinn segir mér að hóteltjórinn sé í fastasvefni. Ég er að reyna að segja honum að hann verði að vekja hann og segja honum að þú sért komin og ekkert ami að þér.“

Sagan mín hafði greinilega verið tekin trúanleg. Í fyrsta sinn á ævinni borgaði ég meira en umsmið verð fyrir leigubíl og lagðist í uppþúð rúm, hvíldinni fegin.

## Stefnumót við æðstaprest

Ég kom að morgni til Ouidah í Benín, eftir tvo hvíldardaga í Tógó. Pálmatré skreyta sendnar strendur borgarinnar en þar eru einnig mörg minnismerki um þá sem týndu lífinu í þrælaflutningunum miklu þegar

» Gestir á þessum slóðum halda líka gjarnan að slöngumusterinu sem var reist þeim helgu skepnum til lofsemdar og þar er hægt að láta mynda sig með lifandi kyrkislöngu – að vísu meinlausa – um háls sér.

milljónir Afríkumanna voru fluttar nauðugar til nýlendna Vesturlandabúa í Karíbahafi og á meginlandi Ameríku. Ouidah var ein marga þrælahafna á strönd Vestur-Afríku og þeir, sem var siglt með það an, lentu flestir í ánauð í Brasilíu og eyjum Karíbahafs, einkum á Haití.

En Ouidah er einnig þekkt út af þeim átrúnaði sem íbúar þaðan tóku með sér til nýja heimsins – vúdú. Um helmingur Benínbúa jatar vúdútrú og margir þeirra, sem kalla sig kabólska eða múslima, blanda vúdúsiðum við þá trú sína.

Vúdútrúin er víða sýnileg. Skurðgoð standa á götuhornum og skipa heiðursess á heimilum. Í heilögum skógi má finna stytur hinna ýmsu

guða og sérstaka athygli vekur þar hornótt fyrirbæri með gríðarlegan getnaðarlim sem stendur fyrir styrk og frjósemi. Gestir á þessum slóðum halda líka gjarnan að slöngu-musterinu sem var reist þeim helgu skepnum til lofsemdar og þar er hægt að láta mynda sig með lifandi kyrkislöngu – að vísu meinlausa – um háls sér.

Þar fyrir utan komst ég senn að því að von væri á vúdúhöfðingja í bæinn. Þegar ég var búin að skrá mig á Hotel Oasis í miðbænum, ein gresta, greip ég nokkrar föggur mínar og hugðist fá mér hádegissnarl einhvers staðar í nágrenninu. Dálitill hópur fólks var á gangi við veitingastað hótelsins, sémilega uppáklæddur sýndist mér.

„*Ici, madame!*“ var kallað til mín. Þessa leið! Þau bentu í átt að matsalnu þar sem eitthvert einkasamkvæmi var greinilega í gangi.

Ég tvísté en gekk svo nær inn-ganginum. Þar stóðu tveir flíflíflir lögreglumenn, vopnaðir í þokkabót. Þarna var engin venjuleg uppákoma hins vegar. „*Oui, madame, c'est ici!*“ sagði annar þeirra og bentu mér að ganga inn um dyrnar.

Og þannig gekk það nú til að ég gerðist boðflenna í hátíðarhádegisverðinum sem útvöldum gestum hafði verið boðið í til að fagna krýningu ellefta æðstaprests vúdúista, Daagbo (hans hátignar) Tom-adjlehoukpon II Metogbokandji.

Boðsgestirnir buðu mig velkomna og ég settist við langborð þar sem ég gæddi mér á hefðbundnum þriféttuðum málsverði og hjór með. Einn sessunauta minna, verkfræðingurinn Rodrigue, bauðst til að fara með mér daginn eftir til æðstaprestsins sjálfs (hann var ekki viðstaddur hátíðar-verðinn því honum var óheimilt að yf-





## Vestur-Afríka

Benín

Fólksfjöldi: 7,8 milljónir.

Höfuðborg: Porto Novo.

Opinbert tungumál: Franska en fon og youruba eru algeng í suðurhluta landsins.

Trúarbrögð: Vúdú (50%), kristni (30%), múhamedstrú (20%).

Lífslíkur við fæðingu: 53 ár.

Ung ferðakona sem ég sá í Senegal klæddist stuttermabol með áletruninni „Benín: Næsti bær við Nígíeríu“. Fjölmennasta ríkið í Afríku er vissulega oftar í alþjóðafréttum heldur en grannríkið mjóa í vestri. Á hinn bóginn er Benín, sem áður kallaðist Dahomey, eitt friðsælasta ríki álfunnar að mati BBC. Að vísu skapar nábylið við risann í austri ýmis vandamál, ekki síst mansal barna, en ferðamenn geta notið fallegra sólarstranda auk fróðleiks um þrælaflutninga, vúdú og aðra síði.

irgefa húsakynni sín í tiltekinn tíma eftir hina nýju upphefð).

Kvöldið eftir sótti Rodrigue mig á þeim tíma sem við höfðum sammælst um og við gengum um fimm mínútna leið að heimili æðstaprestsins. Há-tíðahöld voru þegar hafin, með söng, dansi og gleði. Nokkur hundruð manns voru á staðnum og fylgdust með hópi karla og kvenna, klæddum í stráplás með gulmálud andlit, bringu og brjóst. Þau dönsuðu í hringi við taktfastan trumbuslátt.

Öðru hvoru sýndist mér einhverjum í hópi áhorfenda liggja við yfirliði. Nærstaddir gestir létu þá til sín taka, studdu við hinn magnlausa og ýttu inn í hringinn. Rodrigue sagði mér að andi hefði tekið sér bólfestu í þessu fólki sem þýddi að það yrði síðan tekið í heilagra manna tölu. Þeir sem höfðu þegar náð þeim áfanga skáru sig úr því þeir báru kúabjöllur um hálsinn auk fjölmargra hálsmena úr kuðungsskeljum. Þau minntu mig einna helst á skotbeltin sem hetjurnar bera í hasarmyndum.

Hátignin sjálf var í sérstöku herbergi og sat þar í mikilfenglegum valdastól. Hann var ósköp venjulegur að sjá, meðalmaður á hæð, líklega á fimmtugsaldri og klæddur í fábrotinn kaftan. Til beggja hliða voru aðdáendur hans og á litlu borði fyrir framán stóð tóm viskiflaska. Grálitur átrúnaðargripur, sem líktist skál á hvolfi, var einnig á borðinu. Rodrigue kynnti mig sem „ævintýrakonu“ sem ætlaði að skrifa um ferðalag sitt til Afríku. Þar sem ég er það kjarklaus

að ég þori ekki að hjóla á reiðhjólí fannst mér þessi lýsing á mér nú frekar kaldhæðin.

Hans hátign bauð mér til samræðna í einkastofu sinni. Okkur var fylgt að minna herbergi með blámáludum veggjum, plastdúk á gólfi og rafmagnsviftu í einu horninu. Þar beið hans líka annað háseti, eftirlíking af „Lazyboy“-hægindastólunum.

Ég bar fram nokkur þakkarorð um þann heiður sem mér væri sýndur og var það allt í þeim anda sem Rodrigue hafði ráðlagt mér að nota í viðurvist hins höfðinglega æðstaprests. „Ég er mjög lánsöm,“ sagði ég að lokum.

„Já, það er satt,“ svaraði hann að bragði, og sló mig aðeins út af laginu. Næstu tíu mínúturnar ræddum við saman um Benín og hvernig mér fundist að ferðast um landið. Að síðustu kom hann mér á óvart með því að biðja um netfangið mitt svo við gætum skrifað aðeins á. Vúdúkóngurinn var bara eins og ég og þú.

### Ástir og áritanir

Cotonou er höfuðstaður Benín í öllu nema orði kveðnu. Borgin er lýsandi dæmi um þann mikla vöxt sem hefur hlaupið í þéttbýlisstaði á þessum slóðum síðustu áratugi og öll þau vandamál sem því fylgja. Um milljón manns býr í Cotonou (sjó milljónir í öllu Benín) og mengunin og ruslið á götum úti er eftir því. Atvinnuleysi er einnig mikið.

Ljóst var að ég þurfti að vera að minnsta kosti daglangt í borginni því



Bæjarleið Konurnar í Ganvié, 30 þúsund manna bæ, þyrpast um báta sem sigla yfir Nakouévatn til heimila þeirra á stöplum við bakka þess. Þær fara þessa ferð dag hvern; selja varning sinn og kaupa nauðþurftir.



Bensínstöðin Þegar ökumenn á zemidjan (leiguskekklinöðrur) þurfa að taka bensín stöðva þeir við vegarkantinn þar sem búið er að fylla áfengisflöskur af bensíni. Litlu flöskurnar eru fyrir zemi, en stóra bokkan biður búltjóra sem hefur efni á að kaupa mikið eldsneyti í einu lagi.



## SPENNANDI SÉRFERÐ MEÐ ICELANDAIR LYKILLINN AÐ HELSINKI

16.–20. JÚNÍ  
VERÐ FRÁ 59.900 KR. Á MANN Í TVÍBÝLI

Einstakt tækifæri til að heimsækja þessa fallegu borg. Sigrún Ólafsdóttir, fararstjóri, sem er gjörkunnug í Helsinki, fer með hópinn í skoðunarferðir um helstu merkisstaði og söfn í borginni og heimsækir m.a. virkið á Suomenlinna sem er á heimsminjaskrá UNESCO.

+ Nánari upplýsingar á [www.icelandair.is/serferdir](http://www.icelandair.is/serferdir)

Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting í 4 nætur með morgunverði, rúta til og frá flugvelli erlendis, íslensk fararstjóri og leiðsögn um borgina.

ég þurfti að sækja um vegabréfsáritun til Gana og hana var ekki hægt að fá við landamærin, ólíkt því sem ég hafði vanist hingað til.

Ekki verður umflúið að afla dvalarleyfa tímanlega á ferðalagi eins og þessu. Við sum landamæri fást þau ekki sjálfkrafa og það getur bæði verið dýrt og erfitt að kaupa þau fyrirfram, einkum ef maður er ekki viss um komu- og brottfarardaga. Á hinn bóginn verða oft til skemmtilegar sögur af öllu veseninu við að ná í þennan verðmæta stimpil í vegabréfið. Auk þess þarf maður gjarnan að fara í borgarhluta sem eru utan vinsælla ferðamannsvæða og reynir á tungulipurð sína gagnvart harðsnúnum embættismönnum. Ég klæðist alltaf mínum hreinustu fötum þegar ég þarf að halda í sendiráði í þessum erindagjörðum.

Morgun einn fór ég á skellinöðru, eða zemidjan eins og heimamenn kalla þá fararskjóta, að sendiráði Gana í Cotonou.

Þar varð kona fyrir svörum, ströng á svip, og sagði að ég gæti ekki fengið dvalarleyfi nema ég færdi sönnur á að ég ætti gistingu visa í landinu; það dugði skammt að benda á þá kosti sem voru í boði í ferðahandbókinni mínni snjáðu.

Ég þurfti því að leita uppi almenningsíma í hverfinu, hringja til Gana og bóka gistingu á meðaldýru hóteli þar sem hægt væri að senda símbréf til sendiráðsins því til staðfestingar.

Þegar ég sneri til baka var konan í óðaönn að álása kúnverskri ferðakonu fyrir að hafa ekki límt ljósmyndir nægilega vel með umsókninni sinni um áritun. Hún gjóaði augunum gremjulega til mín þegar ég færdi mig nær með mína umsókn og fullvissaði hana um að á hverri stundu bærst fax með upplýsingum um bókunina mína í Gana.

„Ísland!“ hrópaði hún hálfpartinn upp yfir sig þegar hún rak augun í heimilisfang mitt á eyðublaðinu. „En það hlýtur að vera svo kalt þar!“

Tivoli Audio

Music System

BEST OF TEST

GO Best Stuff of the Year

Fermyngar-Sumar-Brúðkaups-Utskriftar-Afmælis-

gjöfin...



Stereóútlarp FM/AM í hæsta gæðaflokki  
Óflugur móttakari og fráber hljóngæði.  
5 stöðva minni, vekjararklukka með svefnrofa, innbyggður hágæða geislasplari.  
Fjarstýring og Tenging fyrir iPod/Mp3  
Innbyggður bassahátalari  
Litir: Svar/Silfur, hvítt/silfur, hnota/beige

HLJÓMSÝN

ÁRMÚLA 38 - SÍMI 588 5010

[www.hljomsyn.com](http://www.hljomsyn.com)



WWW.ICELANDAIR.IS



## ferðalög



Hér er ég! Jafnvel þegar ég er á efstu hæð munaðarleysingjahælisins People du Monde taka börnin eftir myndavél á lofti.

» Peir sem höfðu þegar náð þeim áfanga skáru sig úr því þeir báru kúabjöllur um hálsinn auk fjölmargra hálsmena úr kuðungs-skeljum. Þau minntu mig einna helst á skotbeltin sem hetjurnar bera í hasarmyndum.

Hvernig í ósköpunum geturðu þolað það?

„Allt fyrir ástina,“ svaraði ég og reiddi mig á að þessi valkyrja ætti sér mýkri hlíðar. Og viti menn, hjarta hennar bráðnaði á svipstundu. „Allt fyrir ástina“ – það líkar mér,“ sagði hún og brosti blíðlega til mín. Sigurinn var í höfn; ég vissi að vegabréfsáritunin yrði tilbúin þegar til var ætlast.

## Veggir – málaðir og blóði storknir

Um 120 kílómetra norður af Cotonou er Abomey, höfuðstaður hins forna konungdæmis Dahomey eins og Benín var áður kallað. Þar sátu hinir afar óvægna konungar Dahomey (að sögn afkomendur pardusdýrs og prinsessusonar) uns Frakkar brutu landið undir sig seint á níttjándu öld. Kastalaveggir Abomey voru skreyttir höfuðkúpum óvina ríkisins, öðrum til varnaðar. Sjálfir voru veggirnir meðal annars gerðir úr storknu blóði þeirra hina sömu óvina.

Konungshöllirnar í Abomey eru nú á heimsminjaskrá Sameinuðu þjóðanna. Hver konungur lét byggja sér höll og af þeim tólf sem risu standa tverr þann dag í dag. Ferðalangar fá ekki að fara einir um þær og leiðsögumaðurinn minn, Pierette að nafni, lóðsaði mig um glaður í bragði. Hann sýndi mér grafhvelvingu Guézo konungs þar sem blóð fórnarlamba hans þekur enn vegg. Þar eru einnig vopn sem amasonurnar svokölluðu báru. Þær tilheyrðu her konungdæmisins og voru alræmdar að grimmd; og sneru þær ekki úr herför með nægilega marga fanga fórnustu þær lífi sínu kónginum til dýrðar. Pierette naut þess líka að benda mér á háseti Guézos; það hvílir á hauskúpum óvina hans. Þessari núturlegu skoðunarferð lauk svo með heimsókn í musterí Ahossanna en þar eru grafir 41 eigin konu Glélés konungs sem voru grafnar lifandi eftir dauða hans sjálf.

Þegar ég var búin að fá minn skammt af hryllingi þann daginn fór ég á zemi eftir moldargötum að gisti-húsinu Chez Monique í útjadhri borgarinnar. Þar hitti ég aðra gesti, hóp Svisslendinga og Bandaríkjamanna sem höfðu haldið til Abomey til að vinna við munaðarleysingjahæli sem þeir höfðu stutt frá því í ársbyrjun 2005. Þau spurðu hvort ég væri ekki



Jafnvægi Þessi kona í Ouidah bað mig um að taka mynd af sér. Hún vildi sýna að hún gæti borið heljarinnar ker flullt af glingri á höfði sér.

til í að hjálpa við að mála vegg einn daginn með þeim.

Munaðarleysingjahælið People du Monde ([www.peupledumonde.org](http://www.peupledumonde.org)) er í þriggja hæða byggingu og hýsir 120 börn. Þrátt fyrir miklar endurbætur undanfarin ár er hvorki rafmagn né rennandi vatn í húsinu og ekki eru til nógu mörg moskítónet fyrir öll börnin. Peir sem reka hælið giskuðu á að nærri þriðjungur þeirra væri sýktur af alnæmi. Bandaríkjamennirnir höfðu séð fyrir því að hægt yrði að ganga úr skugga um það en þótt niðurstæða fengist vantaði fjármagn til að greiða fyrir lyf og lækni meðferð.

Ég varði einum degi í að mála vegg útielldhússins og tveggja útikamra. Flugur sveimuðu um, hitinn var steikjandi og svitinn taumaði af mér svo stakk í augun. Svækjan hafði engin áhrif á krakkana sem sungu fyrir okkur í málningarvinnunni eða þau kipptu í höndina á mér og báðu mig um að taka mynd af sér. Ein svissnesku kvennanna fræddi táningsstelpurnar um heilsuhætti; engin þeirra vissi hvernig þær gætu orðið ófrískar eða hvernig hægt væri að koma í veg fyrir það.

Hinir brosmildu og fjórugu krakkar í People du Monde veittu mér aukinn styrk til að halda til annars munaðarleysingjahælis sem ég hafði ákveðið að heimsækja áður en ég lagði upp í ferðalagið. Það er á vegum SPES, samtaka í Tógó sem Íslendingar stofnuðu og fjármagna að mestu leyti. Leiðin lá aftur til Lomé.

[eliza@elizareid.com](mailto:eliza@elizareid.com)

Eliza Reid ferðaðist ein síns liðs um sjö lönd í Vestur-Afríku í október og nóvember á liðnu ári. Þetta er fjórði hluti ferðasögu hennar, en fimmti og síðasti hlutinn birtist næsta sunnudag. Slóðir á fyrri greinar eru: [www.mbl.is/go/8hpsw](http://www.mbl.is/go/8hpsw) [www.mbl.is/go/y3ma6](http://www.mbl.is/go/y3ma6) [www.mbl.is/go/y3sap2](http://www.mbl.is/go/y3sap2)

## lífshlaup

## Þörf fyrir nýtt

Fyrir 29 árum kom kaþólski presturinn séra Hubert Oremus til starfa á Íslandi. Guðrún Guðlaugsdóttir ræddi við hann um feril hans og skoðanir á nútíð og fortíð.

Í prestsbúðum kaþólsku kirkjunnar á Íslandi við Hávalla götu í Reykjavík býr séra Hubert Oremus. Strax í anddyrinu er andrúmsloftið óvenjulegt – þrungioð hæverskri kyrrð og nánast ópersónulegum anda. Kristilegar stytur horfa fram fyrir sig með óbifanlegri ró og ekkert heyrist nema fótatak okkar séra Huberts þegar við göngum upp stígann og inn ganginn, áleiðis að herbergi hans.

„Séra Hjalti Þorkelsson hafði þetta herbergi áður, en ég hef verið hér í 19 ár núna,“ segir séra Hubert og ég geng á eftir honum inn. Ég hef aldrei áður komið inn í einkaþúð kaþólsks prests en undrast þó ekki það sem fyrir augu ber; bækur af margvíslegu tagi, þykkar og stórar og pappírar hér og þar, stórir staflar af þeim á skrifborði séra Huberts.

„Þegar ég kom hingað fyrir 29 árum, 10. júní 1978, var hér lítill kaþólskur söfnuður, nú eru um 8.000 manns á skrá,“ segir hann og sýnir mér þykka pappírmöppu sem inniheldur nöfn kaþólskra á Íslandi.

„Og svo eru allir óskráðu útlendingarnir,“ bætir hann við.

Sjálfur lítur séra Hubert greinilega ekki á sig sem útlending, talar enda ágæta íslensku og þekkir vel hið íslenska samfélag af eigin raun og umræðum annarra. Ákvörðun séra Huberts, að verða prestur, átti sér langan aðdraganda.

„Ég var ekki nema fjöggra ára þegar ég ákvað að verða trúboði í Kína, ég sá mynd þaðan og það mótaði afstöðu mína,“ segir hann og býður mér sæti í hægindastól og sest sjálfur á móti mér í annan stól.

Látleysi manns sem hugsar meira um andlegt líf sitt en hið veraldlega hefur fyrir margt löngu sett mark sitt á hann sjálfan og umhverfi hans. Ofan á löngum bókaskáp eru fjölmörg kerti.

„Þær hafa gefið mér þessi kerti nunnurnar í Karmelklosturinu í Hafnarfirði, þar kem ég til að messa vissa daga vikunnar eldsnemma á morgnana, þótt ég sé að verða níræður,“ segir séra Hubert.

„Ég keyri ennþá, fæ alltaf endurnýjað bílprófið mitt ár frá ári. Ég hef góða sjón og hef aldrei lent í árekstri. Ég á gamlan Volkswagen Polo sem er ágætur, en ég keyri reyndar ekki á annatíma, þá er bíllinn hér inni í bílskúr – svo gæti ég þess að aka ekki of hratt þegar ég fer á milli,“ segir séra Hubert og brosir lítilllega.

Fyrstu ár sín á Íslandi var hann prestur við Karmelklosturinn í Hafnarfirði. Þá messaði hann oft í sóknarkirkju lúterskra og vegna vetrarkuldanna og í vináttuskyni gaf lúterski presturinn á staðnum séra Hubert loðhúfu sem hann hefur nú átt í nær 30 ár og lengst af hefur skýlt honum fyrir norðangarranum hér. Hann ber enn þá húfu inni við en fjárfesti fyrir nokkru í nýrri loðhúfu til að hafa úti við.

„Sú gamla er orðin slitin,“ segir hann og setur hana upp til að sýna gripinn sem honum þykir greinilega vænt um, sjáanlegt merki um velvild kollega í öðru trúfélagi.

Það var ekki nema von að séra Hubert Oremus brygði við að koma hingað í kuldann. Áður hafði hann



Gjafir Kerti frá nunnunum í Karmelítaklaustri í Hafnarfirði.



Kaþólskur Séra Hubert Oremus hefur verið prestur á Íslandi í tuttugu og níu ár.



Pappírar Félagatal kaþólskra á Íslandi, sem eru um átta þúsund.

lengi verið prestur í Egyptalandi, var svo rétt kominn til Hollands áður en hann var kallaður til starfa hér.

„Ég er elstur átta systkina, þrjár systur eru á lífi og einn bróðir,“ segir séra Hubert.

Hann fæddist í Hollandi 20. júlí 1917, í smábæ rétt við Utrecht og ólst þar upp. Móðir hans var frá Belgíu en faðir hans var af hugenottaættum, forfeður hans flýðu fyrir 200 árum frá Frakklandi til Hollands.

„Ég var ellefu ára þegar ég fór í prestaskóla. Þar var ég í sjö ár og næstu sjö ár í æðri prestaskóla,“ segir hann.

„Lengst hef ég búið á Íslandi, 29 ár, ég bjó aðeins 27 ár í Hollandi,“ bætir hann við.

## Mao Tse Tung lokaði Kína

„Ég ætlaði frá upphafi að verða trúboði í Kína, sem fyrr sagði. Þegar ég var lítill bjó ég mig alltaf sem Kínaverja í dýrlingaskrúðgöngum. Ég man ég grét einu sinni af því að enginn Kínverjabúningur var eftir og ég varð að vera Afríkubúi.“

Eftir að ég hafði vígst sem prestur 1944 gat ég farið frá Hollandi. Á stríðsárunum var hins vegar tekið fyrir ferðir trúboða til Kína. Venjulega fóru þeir þangað viku eftir vígslu en vegna stríðsins söfnuðust saman í húsi kirkjunnar 75 prestar sem ekki höfðu komist til trúboðastarfa. Árið 1946 voru margir þeirra sendir til Parísar. Þangað fór ég og hóf að læra kínversku við Sorbonne-háskóla. Þegar ég átti eftir hálf ár í